



Sástu suður í Flóa
sumarskrúðið glóa
þegar grænust gróa
grös um Ísafold.
Sástu vítt um vengi
vaggast stór á engi.
Sástu djarfa drengi
dökka rækta mold.

Allt af lífi iðar
yfir fuglinn kliðar.
Foss í fjarska niðar
fiskar ganga úr sjó.
Vekur sumarsunna
söng í blómarunna.
Mettar ótal munna
moldin djúp og frjó.

Hvar sem stofninn sterki
stefnir rétt að merki
vex af hverju verki
von og trú á fold.
Enn mun sýna og sanna
saga Flóamanna
ást til áthganna
ást á frónskri mold.

Pálmar P. Eyjólfsson – Freysteinn Gunnarsson

Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

P. C. Krossing – Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

P. C. Krossing – Matthías Jochumsson

Blessun

Eftirspil

Húmar að kveldi / Stephen C. Foster

Í Villingaholtskirkjugarði:

Moldun og söngur Kirkjukórs Villingaholtskirkju

Prestur: Sr. Guðbjörg Arnardóttir
Organisti: Jón Bjarnason
Söngur: Félagar úr Karalakór Selfoss
Leikur á flygil: Guðmundur Eiríksson
Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í Þingborg að athöfn lokinni.*



Guðsteinn Frosti Hermundsson

Fæddur 25. ágúst 1953

Dáinn 28. mars 2024



*Útför frá Selfosskirkju
föstudaginn 12. apríl 2024*

Leikið á flygil á undan athöfn

Forspil

Ave Maria / Schubert

Signing – Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

L. Mason – Adams / Matthías Jochumsson

Ritningarlestur

Þegar ég leystur verð þrautunum frá,
þegar ég sólfagra landinu á
lifi og verð mínum Lausnara hjá.
Það verður dásamleg dýrð handa mér.

Dásöm það er dýrð handa mér
dýrð handa mér, dýrð handa mér,
er ég skal fá Jesú auglit að sjá.
Það verður dýrð, verður dýrð handa mér.

Og þegar hann, er mig elskar svo heitt
indælan stað mér á himni' hefur veitt,
svo að hans ásjónu' ég augum fæ leitt,
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Dásöm það er...

Ástvini sé ég, er unni ég hér
árstraumar fagnaðar berast að mér,
blessaði frelsari, brosið frá þér,
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Dásöm það er...

Chas Gabriel – Lárus Halldórsson

Ritningarlestur



Vér biðjum þig Drottinn að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss Drottinn að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og létir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánaud og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær. Ó Guð veit oss frið.
Veit oss þinn frið.

Adrian Valerius – Óskar Ingimarsson

Guðspjall

Er hylur snjórinn hvíti sálarglugg
og sjéffinn neitar hverri bón
og eðla vín er súrt sem bragðvont brugg
og basl með heyrn og sjón;

og út úr takti bundnum tregaslög
sem trommar hjartað sárt og reitt
og skrámuð öndin orðin ráðvillt, rög
og rís ei framar neitt.

Hljómar gamalt líúð lag
og læðist inn á gaff
og sálar brátt um hjartan dag
bráðnar klaki' og skafl.

Það eitt ég, vinur, get þér sagt með sann
er situr einn með þrútið nef
sá lifir af sem ráMRI röddu kann
að raula stolin stef.

Tómas R. Einarsson

Minningarorð

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúlason

Bæn